

**18. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,  
12. ágúst 2016  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi er viðstaddur í gegnum fjarfundarbúnað.

**Dagskrá:**

**1. Fyrirspurn - Próteinverksmiðja í Tálknafirði. - 1606016**

*Tekið fyrir erindi Valdimars Gunnarssonar, f.h. Arctic protein ehf., dagsett 12. júní 2016. Í erindinu er óskað umsagnar vegna fyrirhugaðrar próteinverksmiðju við Strandgötu 43 á Tálknafirði.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið. Húsnæðið sem um ræðir er skilgreint á hafnarsvæði í Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og heimilar því slíka starfsemi. Nefndin bendir á að margþætt starfsemi er í húsunum í kring sem taka þarf tillit til.*

**2. Óveruleg breyting á deiliskipulagi fyrir Norður-Botn - 1608010**

*Tekið fyrir erindi Erlu Bryndísar Kristjánsdóttir, Teiknistofunni Eik, fyrir hönd landeiganda Norður-Botns. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Norður-Botns sem samþykkt var 30.9.2014.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norður-Botns frá 2014. Breytingin er sett fram á uppdraetti dags. 13. júlí 2016 og felur breytingin í sér að byggingarreitur I er stækkaður til suð-austurs og verður 20.372 m<sup>2</sup> í stað 19.572 m<sup>2</sup>.*

*Tillagan skal grenndarkynnt landeigendum Hjallatúns. Tillagan hefur þegar verið kynnt Vegagerðinni en breytingin er háð leyfi hennar þar sem byggingarreitur nær inn á veghelgunarsvæði hennar.*

*Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur, þ.e. til og með 9. sept. 2016. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.*

*Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps eða í síma 456 2539 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið talknafjordur@talknafjordur.is.*

*Sigurvin Hreiðarsson vék fund undir afgreiðslu þessa liðs.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.**

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LI)

---

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

---

Elfar Steinn Karlsson (ESK)